

Gos í Eyjafjallajökli - staða 23. maí 2010 kl. 14:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigprúði Ármannsdóttur, Sigrúnu Hreinsdóttur, Teiti Arasyni, Magnúsi Tuma Guðmundssyni, Matthew J. Roberts, Hrafni Guðmundssyni og Steinunni S. Jakobsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar, gervihnattamyndum og flugi yfir gosstöðvar.

Gosmökkur:

Hæð: Gufumökkurinn er í um 3 km. skv. athugunum flugmanna. Hæg norðlæg átt.

Stefna: Suður.

Litur: Ljós, gufa.

Gjóskufall: Engar tilkynningar hafa borist af öskufalli í dag.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli er frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað: Þegar flogið var yfir um kl 15:30 í dag mældist mestur hiti á hitamyndavélum tæpar 100°C. Ekki sást til gígsins vegna gufu, en gosið virðist liggja alveg niðri í dag og engar vísbendingar voru um að kvika kæmi upp.

Órói: Óróinn heldur áfram að minnka og er að nálgast það sem hann var fyrir gos.

Jarðskjálftar: Um tuttugu skjálftar hafa mælst í jöklinum frá miðnætti, flestir grunnir.

GPS-aflögun: Láréttar færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig.

Heildarmat: Gosið virðist liggja niðri núna. Þó nokkra gufu leggur þó enn frá gosstöðvunum, en ekki er að sjá ösku í henni. Óróinn er aðeins meiri en fyrir gos, sérstaklega á miðtíðninni, 1-2 Hz, en það gæti verið vegna gufunnar sem kemur frá gígnum.